

## Gjaldeyrismarkaður, gengisþróun og gjaldeyrisforði árið 2016

*Gjaldeyrissinnstreymi á árinu 2016 var mikið, velta á gjaldeyrismarkaði jókst og gjaldeyrisforði Seðlabankans stækkaði talsvert. Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri jókst um 42% frá fyrra ári og var hlutur Seðlabankans 55%. Seðlabankinn keypti gjaldeyri af viðskiptavökum fyrir 386 ma.kr. á árinu og dró þannig úr hækkun á gengi krónunnar. Þrátt fyrir gjaldeyriskaupin hækkaði gengi krónunnar um 18,4% á árinu. Gjaldyrisforði Seðlabankans jókst um 163 ma.kr., einkum vegna hreinna gjaldeyriskaupa Seðlabankans, og nam í árslok 815 ma.kr.*

### *Gjaldeyrismarkaður*

Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri nam 702 ma.kr. árið 2016, sem er 42% meira en árið áður. Hlutur Seðlabankans í veltunni var 55%, eða svipaður og árið 2015. Viðskipti Seðlabankans á árinu voru öll á sama veg, þ.e. bankinn keypti gjaldeyri af viðskiptavökum á millibankamarkaði. Kaupin námu 386 ma.kr. (2.891 m. evra) sem samsvarar um 16% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Heildargjaldyriskaup bankans á árinu voru um 42% meiri en árið 2015.

Seðlabankinn keypti 6 m. evra í viku hverri í reglubundnum og fyrirfram tilkynntum viðskiptum við viðskiptavaka og námu þau viðskipti 11% af heildarkaupum bankans á árinu.

Afgangur í utanríkisviðskiptum, lækkandi gjaldeyrisstaða bankakerfisins og nokkrir stærri fjármagnsflutningar einkaaðila til landsins ollu viðvarandi þrýstingi til styrkingar á gengi krónunnar á árinu 2016. Á fyrri hluta ársins var einnig nokkurt gjaldeyrisinnstreymi vegna nýfjárfestingar í ríkisskuldabréfum. Það stöðvaðist þegar nýtt fjárstreymistæki var kynnt í júní eins og sést á mynd 1 um fjármagnsflæði vegna nýfjárfestinga. Greiðslujöfnuður á þriðja ársfjórðungi 2016 sýnir að styrking krónunnar á þeim tíma skýrist að mestu leyti af afgangi í viðskiptum við útlönd en ekki af fjármagnsviðskiptum.

Framan af árinu keypti Seðlabankinn gjaldeyri með það einkum að markmiði að koma gjaldeyrisforða í æskilega stærð í aðdraganda almennrar losunar fjármagnshafta. Eftir að það markmið náðist vó

þyngra að draga úr sveiflum í gengi krónunnar og forðast að það hækkaði of mikið áður en mikilvæg skref að losun fjármagnshafta voru tekin.

Eins og sést á mynd 2 um mánaðarleg viðskipti Seðlabankans á millibankamarkaði keypti bankinn meiri gjaldeyri flesta mánuði ársins 2016 en árið áður, þ.e. alla nema í ágúst, september og desember. Mest keypti bankinn í október, 49,6 ma.kr., en minnst í desember, 17,8 ma.kr. Í júní, júlí og ágúst námu gjaldeyriskaup Seðlabankans samtals u.þ.b. 120 ma.kr. Á síðustu vikum ársins dró úr gjaldeyrisinnflæðinu og í desember keypti Seðlabankinn minna af gjaldeyri en í sama mánuði árið 2015 og gengi krónunnar lækkaði lítilsháttar.

### *Gengisþróun*

Þrátt fyrir umfangsmikil gjaldeyriskaup Seðlabankans hækkaði gengi<sup>1</sup> krónunnar um 18,4% á árinu, eins og sést á mynd um gengi krónunnar, en lækkaði lítilsháttar undir lok ársins. Gjaldyriskaup bankans komu í veg fyrir enn meiri gengishækkun og þau drógu úr skammtímasveiflum í genginu. Mest hækkaði gengi krónunnar í október, um 3,5%, en lækkaði mest í apríl, um 0,6%. Um 20% munur var á hæsta og lægsta skráða gengi ársins. Það var hæst snemma í desember (gengisvísitala 159,99) en lægst í janúar (gengisvísitala 192,01). Daglegt flökt gengisins var 3,8% á ársgrunni árið 2016, en var um 3,3% árið 2015.

### *Gjaldeyrisforði*

Gjaldeyrisforði Seðlabankans jókst um 163 ma.kr. á árinu 2016 (1,4 ma. USD miðað við gengi í árslok) og nam í árslok 815 ma.kr. (7,2 ma. USD). Í lok árs svaraði hann til 34% af vergri landsframleiðslu, 49% af peningamagni og sparifé (M3) og hann dugði fyrir innflutningi á vörum og þjónustu í ellefu mánuði.

Hrein gjaldeyriskaup Seðlabankans námu 386 ma.kr. (2,9 ma. evra, sem jafngildir 3,4 ma. USD) og áttu þau stærstan þátt í aukningu forðans á árinu. Endurheimtur Eignasafns Seðlabanka Íslands og ríkissjóðs í erlendum gjaldeyri vegna krafna á slitabú juku forðann um 27 ma.kr. og sala á gjaldeyrisláni Arion banka til slitabús nam 56 ma.kr. Uppgreiðsla Arion banka á skuldabréfi í eigu ríkissjóðs jók forðann um 9,1 ma.kr. Kaup á gjaldeyri af ríkissjóði vegna stöðuleikaframlaga námu 9,4 ma.kr. og sala á bréfum útgefnum af Glitni, Kaupþingi og LBI nam 30 ma.kr.

Mikilvægustu þættirnir sem drógu úr aukningu forðans á árinu voru gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans við slitabú sem námu 75 ma.kr. og lokagjalddagar á erlendum lánnum ríkissjóðs, samtals að andvirði 64 ma.kr. Gjaldyrisútboð og gjaldeyrisviðskipti vegna aflandskróna fólu

---

<sup>1</sup> Viðskiptavog þröng.

í sér 65 ma.kr. útfæði gjaldeyris. Einnig greiddi ríkissjóður Lífeyris-  
sjóði starfsmanna ríkisins 14 ma.kr. í erlendum gjaldeyri.

Breytingar á gengi og markaðsverði skuldabréfa stuðluðu að 121 ma.kr.  
minni forða í krónum en ella.

Gjaldeyrisforðinn að frádregnum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í  
erlendum gjaldmiðli nam 592 ma.kr. í lok árs 2016 en 304 ma.kr. í lok  
árs 2015, eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu. Þannig reiknaður  
hafði hann því stækkað um 288 ma.kr. á árinu 2016. Gjaldeyrisjöfnuður  
Seðlabankans, þ.e. mismunur eigna og skulda bankans í erlendum  
gjaldmiðli, nam u.þ.b. 610 ma.kr. í lok ársins 2016 samanborið við 358  
ma.kr. í lok árs 2015.

Nánari upplýsingar veitir Már Guðmundsson seðlabankastjóri í síma  
569 9600.

Tafla 1. Gjaldeyrismarkaður, gengi og gjaldeyrisforði

		2014	2015	2016
Gengi krónunnar (-veiking /+styrking)	%	1,7%	7,9%	18,5%
Gengisflökt	%	3,2%	3,1%	3,8%
Velta á gjaldeyrismarkaði	ma.kr.	266,4	492,7	701,7
þar af velta Sí	%	42,9%	55,3%	55,1%
Kaup Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði	m.kr.	112.764	272.412	386.242
Sala Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði	m.kr.	1.396	0	0
Hrein gjaldeyriskaup Sí	m.kr.	111.368	272.412	386.242
Gjaldeyrisforði í Bandaríkjadöllum	m.USD	4.178	5.042	7.210
Gjaldeyrisforði í ma.kr.	ma.kr.	530	653	815
Gjaldeyrisforði fjármagnaður innanlands**	ma.kr.	20	304	592
Gjaldeyrisjöfnuður Seðlabanka***	ma.kr.	138	358	610
Gjaldeyrisforði sem hlutfall af VLF	%	26	30	34*
Gjaldeyrisforði, mánuðir í innflutningi****		7	9	11

\* Byggt á spá Seðlabanka Íslands um VLF fyrir árið 2016.

\*\* Gjaldeyrisforði að frádregnum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli.


\*\*\*Mismunur eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

\*\*\*\*Fimm ára meðaltal.

Mynd 1

### Fjármagnsflæði vegna skráðra nýfjárfestinga


Janúar 2015 - desember 2016



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 2


### Mánaðarleg viðskipti Seðlabankans á millibankamarkaði



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 3

### Gengi krónunnar



1. Vísitala meðalgengis, viðskiptavog þröng. Hækkun á línunni á myndinni sýnir styrkingu krónunnar en lækkun sýnir veikingu.

Heimild: Seðlabanki Íslands.